

3. APR. 2018

Bréfalýkill: 00.00



Dalabyggð
Miðbraut 11
370 Búðardalur

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 27. mars 2018
Tilv.: SRN18020028/4.13.2


Með tölvupósti 7. febrúar sl. barst ráðuneytinu kvörtun Bjarna Ásgeirssonar varðandi fyrirhugaða sölu Dalabyggðar á jörðunum Laugum og Sælingstungudal. Umsögn sveitarfélagsins um kvörtunina barst með bréfi sveitarstjóra dags. 27. s.m., sbr. einnig viðbótarupplýsingar sem bárust með tölvupóstum sveitarstjóra 26. þ.m.

Ráðherra hefur almennt stjórnáslueftirlit með sveitarfélögum á grundvelli XI. kafla sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, en í því felst eftirlit með því að sveitarfélög gegni skyldum sínum samkvæmt lögum og öðrum löglegum fyrirmælum að því leyti sem það eftirlit er ekki falið öðrum. Einkaréttarleg álitæfni sem upp kunna að koma varðandi stöðu sveitarfélags sem landeiganda gagnvart meðeigendum falla því ekki undir stjórnáslueftirlit ráðuneytisins. Sú stefnumörkun sem felst í ákvörðun sveitarstjórnar um að selja fasteignir í eigu sveitarfélagsins gerir það ekki heldur, enda fer sveitarstjórn með vald til slíkrar ákvarðanatöku, sbr. sbr. 6. tölul. 1. mgr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga.

Stjórnáslulegur undirbúningur og framkvæmd framangreindrar ákvarðanatöku getur hins vegar fallið undir stjórnáslueftirlit ráðuneytisins, sem og mat á því hvort gætt hafi verið að sérstökum lagalegum skyldum, sem lagðar eru á sveitarfélögin í því sambandi, svo sem skyldu skv. 67. gr. sveitarstjórnarlaga til að tryggja viðeigandi nýtingar- eða afnotarétt af fasteignum og mannvirkjum, svo sem veitum, sem nauðsynleg eru til að lögboðin verkefni sveitarfélagsins verði rækt.

Af fyrirliggjandi gögnum í máli því sem hér er til umfjöllunar verður ekki annað séð en að fyrirhuguð sala framangreindra jarða hafi verið til umfjöllun í sveitarstjórn Dalabyggðar um nokkurt skeið og að sveitarstjórn hafi leitast við að fá sem hagstæðast verð fyrir eignirnar. Þá verður ekki annað ráðið en að helstu ákvarðanir í málinu til þessa hafi hlotið staðfestingu sveitarstjórnar og hefur jafnframt verið upplýst að ef til undirritunar kaupsamninga kemur af hálfu sveitarfélagsins verði það gert með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnarinnar. Þá liggur ekkert fyrir sem bendir til þess að umræddar eignir séu sveitarfélaginu nauðsynlegar til að rækja lögbundin verkefni sín.

Með vísan til þess sem rakið hefur verið hér að framan er það niðurstaða ráðuneytisins að fram komnar upplýsingar gefi ekki tilefni til frekari skoðunar á stjórnsýslu Dalabyggðar á grundvelli 112. gr. sveitarstjórnarlaga í tengslum við undirbúning á sölu framangreindra fasteigna. Er málinu því lokið af hálfu ráðuneytisins.



Hermann Sæmundsson

Fyrir hönd ráðherra



Ólafur Kr. Hjörleifsson

Ljósrít: Bjarni Ásgeirsson
Ásgarðslandi
371 Búðardalur